

## Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 29. mars 2007 í máli nr. E-84/2007:

**Stefán Kristinn Guðnason**

*(Garðar Guðmundur Gíslason hdl.)*

**gegn**

**Helga Guðnasyni**

*(Anna Linda Bjarnadóttir hdl.)*

Mál þetta, sem var tekið til úrskurðar 27. mars sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Stefáni Guðnasyni, Hraunbraut 9, Kópavogi á hendur Helga Guðnasyni, 18443 40th PINE, Lake Forest Park, WA 98155-4207, Bandaríkjum Norður-Ameríku, með stefnu birtri 4. desember 2006.

Stefnandi gerir þær kröfur að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 975.200 kr., ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, af þeirri fjárhæð frá 1. ágúst 2002 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst þess aðallega að máli þessu verði vísað frá dómi. Til vara krefst stefndi sýknu af öllum dómkröfum stefnanda. Til þrautavara krefst stefndi þess að krafa stefnanda verði lækkuð að mati dómsins og að m.a. verði tekið tillit til sölubóknunar stefnda af sölu fasteignarinnar að Hlyngerði 3, Reykjavík, auk lögfræðikostnaðar og annars útlagðs kostnaðar vegna gallakrafna kaupenda fasteignarinnar. Jafnframt er krafist sýknu af dráttarvaxtakröfu stefnanda.

Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Í þessum þætti málsins er frávísunarkrafa stefnda tekin til úrskurðar, en stefnandi krefst þess að henni verði hrundið og stefnanda tildæmdur málskostnaður að mati réttarins.

*Málavextir:*

Mál þetta er sprottið vegna skipta á dánarbúi foreldra málsaðila, en þeir eru bræður. Móðir þeirra lést 1998 og faðir í september 2000. Stefndi býr í Bandaríkjunum og veitti hann systur sinni allsherjarumboð vegna búskiptanna. Af tilefni búskiptanna

undirrituðu systkinin yfirlýsingu dags. 4. febrúar 2001, sem liggur fyrir í málinu. Í 2. tl. hennar segir m.a. „Helgi samþykki að þinglýst verði kvöð á Hlyngerði 3 þess efnis, að verði húsið selt næstu 10 árin, skuli söluverð, að frádregnu fasteignamati og sannanlegum útgjöldum vegna endurbóta húss eða lóðar, skiptast jafnt milli erfingjanna 5. Til útgjalda í þessu sambandi reiknist einnig vinna eiganda eða annarra fyrir hans hönd. Kvöðin skuli falla niður við sölu og í síðasta lagi 1. desember 2010“. Í lok yfirlýsingarinnar segir enn fremur „Fullkominn trúnaður skal vera um sáttargjörð þessa og verður efni hennar ekki borið undir dómstóla. Eitt eintak er gert af þessari sátt og er það geymt hjá Halldóri Jónssyni, hdl., Lex, lögmannsstofu, Sundagörðum 2 í Reykjavík. Honum er með öllu óheimilt að sýna öðrum skjalið en ofanrituðum eða afhenda afrit þess utanaðkomandi aðiljum.“

Nefndri kvöð var aldrei þinglýst á fasteignina. Hinn 1. ágúst 2002 seldi stefndi fasteignina á 30.300.000 kr. Frá því mun hafa verið veittur 300.000 kr. afsláttur. Fasteignamat eignarinnar nam á sama tíma 25.124.000 kr. Mismunurinn er 4.876.000 kr. Stefndi telur að hlutur hvers erfingja sé þannig 975.200 kr., sem er stefnufjárhæðin í málinu.

Hinn 20. júlí 2006 sendi lögmaður stefnanda stefnda greiðsluárskorun. Með bréfi lögmanns stefnda var óskað eftir eintaki af nefndu samkomulagi. Það var sent stefnda 14. ágúst 2006. Í ljósi þess að stefndi hefur ekki greitt stefnanda stefnukröfu málsins er mál þetta höfðað.

#### *Málsástæður og lagarök stefnda fyrir frávisun málsins:*

Frávisunarkrafa stefnda byggir í fyrsta lagi á því, að í yfirlýsingunni frá 4. febrúar 2001, sem málatilbúnaður stefnanda er reistur á, kemur fram að „fullkominn trúnaður skuli vera um sáttargjörð þessa og verði efni hennar ekki borið undir dómstóla“. Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. laga um meðferð einkamála hafa dómstólar vald til að dæma um hvert það sakarefni sem lög og landsréttur ná til nema það sé skilið undan lögsögu þeirra samkvæmt lögum, samningi, venju eða eðli sínu.

Samkvæmt orðalagi yfirlýsingarinnar hafa aðilar samið um að bera efni hennar ekki undir dómstóla né að gera efni hennar opinbert á annan hátt. Þar til þessi málssókn hófst hefur einungis eitt eintak af yfirlýsingunni verið til og hafa afrit af henni ekki verið látin í té. Þegar af þeim sökum ber að vísa þessu máli frá dómi.

Í öðru lagi er frávisunarkrafa stefnda studd þeim rökum að ekki sé kveðið á um varnarþing í yfirlýsingunni, enda óheimilt að bera efni þess undir dómstóla. Því er mótmælt að 1. mgr. 34. gr. og 1. mgr. 35. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, eigi við um varnarþing stefnda. Ekki er að finna neinar heimildir í V. kafla laga um meðferð einkamála fyrir því að höfða mál gegn stefnda hér á landi, enda hefur stefndi ekki getið um það í stefnu hvers vegna stefndi verði ekki sóttur fyrir dómi í Bandaríkjunum. Stefnanda skortir því heimild til að reka þetta mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

#### *Málsástæður og lagarök stefnanda gegn frávisun málsins.*

Stefnandi heldur því fram, að ákvæði 24. gr. laga um meðferð einkamála standi máli þessu ekki í vegi. Fyrirliggjandi yfirlýsingu frá 4. febrúar 2001 beri að skilja svo, að efni hennar eigi ekki undir dómstóla. Hins vegar megi bera undir dómstóla ef hún er ekki efnd. Annað væri markleysa. Tilgangurinn með yfirlýsingunni var að binda enda á deildur milli systkinanna vegna skipta á dánarbúi foreldra þeirra. Um það voru systkinin að semja í yfirlýsingunni en aldrei hafi komið til álita að ekki væri unnt að fara með málið fyrir dómstóla, ef eitthvert systkinanna myndi ekki standa við sinn hlut samkvæmt yfirlýsingunni. Stefnandi leggur áherslu á að gera verði greinarmun á efni samkomulagsins og efndum samkvæmt samkomulaginu.

Þá tekur stefnandi fram að í fyrirliggjandi yfirlýsingu systkinanna sé ekki samið um varnarþing, en stefnandi telur lagaskyldu ekki standa til þess. Um varnarþing vísar stefnandi til 34. gr. og 35. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og telur heimilt að höfða málið hér á landi þótt stefndi sé búsettur í Bandaríkjunum. Stefnandi telur að umbjóðandi hans hafi átt óbein eignarréttindi í fasteigninni að Hlyngerði 3. Meðal annars þess vegna eigi ákvæði 34. gr. laga um meðferð einkamála við. Þá tekur stefnandi fram, að stefndi eignist ekki ríkari rétt þótt hann hafi vanrækt að þinglýsa kvöðinni. Stefnandi byggir einnig á því, að stefndi hafi ekki efnt samkomulagið, en það hafi hann átt að gera í Reykjavík og greiðslurnar hafi einnig átt að fara fram í Reykjavík. Því er heimilt skv. 35. gr. eml. að höfða málið í Reykjavík.

#### *Forsendur og niðurstöður.*

Mál þetta er sprottið af ágreiningi systkina vegna skipta á dánarbúi foreldra þeirra, en faðir þeirra sat í óskiptu búi er hann lést. Til þess að leysa ágreininginn um búskiptin leituðu systkinin til Lögmannsstofunnar Lex í Reykjavík og greiddi dánarbúið þóknun vegna þeirrar vinnu. Stefndi málsins býr erlendis og veitti hann systur sinni umboð til þess að koma fram fyrir sína hönd og undirritaði systirin því yfirlýsinguna frá 4. febrúar 2001 fyrir hans hönd.

Eins og að framan greinir er stefndi búsettur í Bandaríkjunum og ekki liggur annað fyrir en hann sé íslenskur ríkisborgari. Samkvæmt 3. tl. 32. gr. laga um meðferð einkamála má sækja íslenskan ríkisborgara, sem er búsettur erlendis fyrir dóm í Reykjavík, ef hann verður ekki sóttur fyrir dóm erlendis þar sem hann er búsettur. Ekkert liggur fyrir um það í málinu að stefndi verði ekki sóttur fyrir dóm í Bandaríkjunum, en samkvæmt nefndu ákvæði verður að telja það aðalregluna. Með því að stefnandi hefur ekki sýnt fram á að ekki sé hægt að sækja málið á hendur stefnda í Bandaríkjunum verður að vísa máli þessu frá dómi.

Stefnandi byggir í máltilbúnaði sínum á 1. mgr. 34. gr. laga um meðferð einkamála, um fasteignavarnarþing og 1. mgr. 35. gr. sömu laga um efndastaðarvarnarþing. Með vísan til þess sem að framan greinir og einnig þess hvernig atvikum málsins er háttað eiga tilvitnuð ákvæði ekki við.

Þegar af þeim ástæðum að ósannað er að stefndi eigi varnarþing í Reykjavík er máli þessu vísað frá dómi. Með vísan til framangreindrar niðurstöðu,

sem og 2. tl. 130. gr. laga um meðferð einkamála, ber stefnanda að greiða stefnda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 100.000 kr.

Af hálfu stefnanda flutti málið Garðar G. Gíslason hdl.

Af hálfu stefnda flutti málið Anna Linda Bjarnadóttir hdl.

Úrskurðinn kveður upp Sigrún Guðmundsdóttir héraðsdómari.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Málinu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Stefán Guðnason, greiði stefnda, Helga Guðnasyni, 100.000 kr. í málskostnað.

Sigrún Guðmundsdóttir